

Nefndavið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13
108 REYKJAVÍK
SÍMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
128 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. apríl 2004


Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um tillögu til þingsályktunar um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins.

Neytendasamtökin minna á að Fjármálaeftirlitið gegnir afar mikilvægu hlutverki. Það er skoðun Neytendasamtakanna að það sé afar mikilvægt að Fjármálaeftirlitið geti sinnt hlutverki sínu, þar á meðal að gæta hagsmuna neytenda vegna fjármálaviðskipta. Neytendasamtökin telja eðlilegt í þessu sambandi að nauðsynlegt er að fara yfir þær lagareglur sem Fjármálaeftirlitið starfar eftir, jafnt sem verklagsreglur stofnunarinnar.

Neytendasamtökin telja að hugmyndin um að flytja Fjármálaeftirlitið beint undir Alþingi sé athyglisverð og að þetta eigi að skoða vandlega til að tryggja sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins enn betur en nú er.

Því styðja Neytendasamtökin þessa þingsályktunartillögu og hvetja til samþykktar hennar.

Virðingarfyllt,
f.h. Neytendasamtakanna,


Jóhannes Gunnarsson formaður